



Ragnheiður
Jónsdóttir

Kosmos / Kaos

Cosmos / Chaos





Stöðvið heiminn II 1973
æting etching 44×49cm



„Stóll getur haft svo margskonar merkingu. Hann getur verið valdastóll, þægilegt sæti, geymsla eða háseti. Þetta var svo minnisstæður dagur. Þá flæddi kvennaskarinn bókstaflega niður á Lækjartorg. Ég held að þær hafi verið 25 þúsund. Ég veit ekki hvort ég ýki. Það hafð veri byggður pallur á Lækjartorgi og þarna stóðu rauðsokkurnar, fluttu barátturæður og sungu: „Áfram stelpur“. Þessi mynd kom fljótt upp í hugann. Ég lét stólana snúa fremst í myndinni, festi svuntur á þá og lét þær sviptast eins og táknum að það ætti eftir að verða meiri hreyfing í kringum kvenþjóðina. Í bakgrunn setti ég kvennafjöldann eins og nokkurskonar gróður, svo og Stjórnarráðið. Ég vildi meina að þessi atburður mundi leiða til þess að konur færu í vaxandi mæli út í atvinnulífið og mundu jafnvel lenda í ábyrgðarstöðum.“

A chair can have many different meanings. It can be a seat of power, a comfortable place to sit, a repository or a throne. It was such a memorable day. A phalanx of women literally flowed down onto Lækjartorg Square. I think there were 25,000 of them. I'm not sure if I'm exaggerating. A stage had been built on the square, and the Red Stockings [representatives of the women's liberation movement] stood there, making inspirational speeches and singing [the popular feminist anthem] Go, Girls! This image came to my mind quickly. I put the chairs in the front of the image, put aprons on them that were blown around, as symbols indicating that there would be more movement around women. In the background I put a crowd of women like a kind of vegetation, and then Government House. I wanted to express the thought that this event would lead more women into paid employment, and that they would even end up in positions of responsibility.”

2003 1974
æting etching 84×68 cm



Práðurinn í mörgum verkum mínum er sjálfsblekkingin — blindnin — græðgin — einsemdin — andvaraleysið.

Mannskopna situr við ofhlaðið borð og svalar græðgi sinni, er vex með hverjum nýjum bita — einn góðan veðurdag getur hún ekki lengur borið sinn umframþunga — megnar ekki að standa á eigin fótum — kannski þá fyrst skynjar einstaklingurinn, að styrkur hans er ekki í því fölginn að fita sjálfan sig... Hvað um þjóðfélag, sem samanstendur af mörgum slíkum? Hvað lengi getur það borið sinn umframþunga?

„Að rumska við áhorfandanum“ 19. júní blaðið 1977. Úr viðtali við Ragnheiði Jónsdóttir í tilefni af fyrstu grafík-einkasýningu hennar 1976. Blaðamaður Erna Ragnarsdóttir.

The common theme in much of my work is self-deception — blindness — greed — loneliness — heedlessness.

A human creature sits at a groaning board and slakes its greed, which grows with every bite — one fine day it can no longer carry its overweight — can't struggle to its feet — maybe only then does the individual sense that its strength might not lie in fattening itself... What of a society composed of many such as this? How long can it carry its overweight?

“Nudging the Viewer Awake,” from an interview with Ragnheiður Jónsdóttir because of her first print-one-man show by Erna Ragnarsdóttir in 19. júní, Icelandic Women's Rights Association, 1977.



Lýðforingjar Leaders of the people 1976
 æting etching 50×65cm

Ragnheiður
Jónsdóttir


02.09.—22.12.2023

Kosmos/Kaos

Cosmos/Chaos

LÁ
Art Museum

Listasafn
Árnesinga



Ónefnd V. 1978
æting etching 54×68cm

Þegar horft er yfir höfundarverk Ragnheiðar Jónsdóttur á sviði teikninga og dráttlistar í íslenskri listasögu sést bersýnilega hve einstök staða hennar er. Sýningin *Kosmos/Kaos* er haldin á nítugasta afmælisári hennar og skilaboð Ragnheiðar frá áttunda áratug síðustu aldar, um kvenréttindi, umhverfisvitund og samfélagslega ábyrgð, eiga enn vel við í dag. Í grafíkverkum Ragnheiðar birtast hversdagsleg fyrirbæri hlaðin táknum og vísa í vaxandi iðnað, pólitískt umrót og deilur, áníðslu á náttúrunni, félagslegan aktívisma, feðraveldið og kvenréttindahreyfinguna. Verk hennar eru beitt og fersk og hróplega áriðandi í umhverfis- og samfélagsmálum nútímans.

Verk frá upphafi ferils Ragnheiðar einkennast af öflugum sýmbólisma og nákvæmum, krefjandi vinnubrögðum með ríkri áherslu á smáatriði, en slíkar aðferðir eru dæmigerðar fyrir grafíska list. Eftir því sem listferli Ragnheiðar vatt áfram gerði tæknileikni hennar og dráttfimi henni kleift að afhjúpa djúpstæð og ljóðræn skilaboð í verkum sínum. Grafískar ætímyndir hennar byggja á vissri táknmyndafræði og eru myndtákn útaf fyrir sig, þar sem hún kallar beinskeytta samfélagsádeilu fram úr hversdagslegum hlutum og menningarlegum tilvísunum. Ríkjandi stef í verkum hennar eru óþægileg og forvitnileg — þrungin sýrrealisma og þurri kímigáfu. Ragnheiður nýtir sér menningarlegar myndlíkingar með undarlegum formum sem vísa beint í pólitísk, siðferðisleg og samfélagsleg málefni á Íslandi á þessum tíma.

Verk Ragnheiðar höfðu mikil áhrif á kvenfrelsisbaráttuna og hún er enn í dag talin ein af mikilvægustu forvígiskonum feminískrar listar á Íslandi. Eitt frægasta verk hennar er frá Kvænnafrídeginum 24. október 1975, þegar þúsundir kvenna yfirgáfu heimili sín og vinnustaði og söfnuðust saman til mótmæla í miðborg Reykjavíkur. Önnur þekkt myndaröð sýnir kjóla óléttra kvenna, lausa frá líkamanum. Hinir fljótandi óléttukjólar vekja óþægilegar tilfinningar hjá áhorfendum, þeir eru táknrænir fyrir stöðu kvenna innan samfélagsins. Myndirnar sýna svífandi, uppþembda, innantóma og aflagaða kjóla sem skortir kjarna, tilgang, líkama, einstaklingseðli og líkamlegt form. Innantómir kjólarnir eru túlkun þess hvernig samfélagið hefur í gegnum söguna litið á konur og hlutverk þeirra: eingöngu sem holdtekju móðurhlutverksins og fjölskyldulífsins. Í annarri myndaröð, *Deluxe and Delightful*, er sýnd brjóstmynd af konu með tertu á höfðinu eins og nokkurs konar kórónu. Augu konunnar eru hulin smjördeigi og kökukremi. Myndaröðin fellir skilgreiningu á konunni saman við heimilisstörf. Á vissan hátt er Ragnheiður að gefa í skyn að kökur, bakstur og heimilisstörf séu svo óaðskiljanleg konunni og hugmyndum okkar um kvenleika að kakan og konan renni saman í eitt.

Vinna hennar einkennist af andstæðum, og ekki einungis bókstaflegum andstæðum hins svarta og hins hvíta, heldur á hún einnig rætur í tvískiptingunni á milli smásmygli og frelsis, abstraksjónar og sýmbólisma, náttúrulegs og vélræns, myndrænnar framsetningar og tilfinningaþrunginnar túlkunar, á milli grafíklistar og frjálsrar teikningar. Þótt teikning sé auðvitað kjarni prentverka er grafísk list nákvæm, krefjandi og tæknileg, öfugt við frjálst flæði kola- eða pennateikninga á blöð. Á tíunda áratugnum byrjaði Ragnheiður að vinna eingöngu með stórar kolateikningar og sagði skilið við nákvæma þolinmæðisvinnu grafísku verkanna sem hún hafði helgað sig fram að því.

Kolateikningar hennar voru jafn beittar og ákveðnar og grafísku verkin en þjuggu yfir frjálsari hreyfingu, léttleika og abstrakt táknsæi. Ragnheiður fjarlægðist hið bókstaflega líkingamál en einbeitti sér að myndmáli hreinnar og óhlutbundinnar tjáningar. Teikningarnar eru þrungnar orku óbeislaðra náttúruafla á borð við öldur, loft, sjávarföll og hreyfingar jökla, þær eru hlaðnar átökum lífheimsins. Ragnheiður ávarpar samband mannsins við náttúruna, einkum neikvæð áhrif okkar á náttúrulegt umhverfi okkar. Tilvísanir í fortakslausa nærveru og áhrif mannsins eru viðvarandi í verkum hennar, sitja þrjóskulega fastar á pappírnum þrátt fyrir að hún ýti þeim frá sér.

Óhlutbundið myndmál þessara verka vísa í lífræn ferli — grasstrá, örverur, býkúpur, vatnsdropa á rúðu, DNA-keðjur í smásjá, fyrirgangsmiklar öldur hafsins, bresti í jökulís, vængi fljúgandi fugla, vindblásin engi, svarthol í geimnum, harðnandi steypu, mjúka snertingu raks mosa, grófra kletta og skófa, sveigðar og kámaðar línur teiknikolanna — myndmálið er óendanlegt. Augu okkar leita að merkingu, tilvísunum og samhengi í kolalínunum.

Teikningar Ragnheiðar eru sláandi og fullar látbrigða, þær fela í sér alheimsgoðsagnir og vísa í eitthvað sem er handan mannlegrar skynjunar og áhrifa, handan heimsins eins og við skiljum hann. Innan verksins á blaðinu má skynja óendanlega fjarlægð, óendanlegt rými, sem takmarkast þó af stærð blaðsins, það sýnir okkur í senn feikn þess sem við fáum og fáum ekki skilið. Takmarkalaust tóm sköpunar og könnunar innan veraldar landslags, náttúru, goðsagna og alheimsins.

Hvaða lærdóm má draga af sextíu ára ferli Ragnheiðar sem frumkvöðuls í grafískri list og látbrigðateikningum? Síðreytileg og stöðugt vaxandi list hennar vísar í eðlislæga eiginleika mannsins — þörfina fyrir frelsi, abstrakt, öndun og hreyfingu, mitt í basli hversdagsins. Ferill Ragnheiðar ber vitni um þau áhrif sem listamaður getur haft á samfélag sitt, þann kraft sem býr í rödd eins listamanns sem vekur athygli á málefnum, hvetur fólk til aðgerða og ýtir undir samfélagslegar og pólitískar breytingar kynslóð eftir kynslóð.

When considering Ragnheiður Jónsdóttir's oeuvre within the field of drawing and graphic art in Iceland's art history, her iconic status is evident. The exhibition *Cosmos/Chaos* marks the year of her goth birthday, and Ragnheiður's messages from the 1970s regarding women's empowerment, environmental awareness and social responsibility are still remarkably apt in the present day. Her graphic works depict everyday phenomena rich in symbolism, referencing industrial development, political turmoil and unrest, damage to nature, social activism, the patriarchy and the women's movement. Starkly relevant to our present social and environmental issues, her works remain sharp and contemporary today.

Ragnheiður's early works are characterised by powerful symbolism, together with the meticulous and detailed-oriented hard labour that typifies the arduous medium of graphic art. As she developed as an artist, Ragnheiður's technical mastery and craftsmanship within the medium of graphic art allowed her to reveal deep and lyrical messages within the work. Her graphic etchings draw upon a certain iconography, and are icons in their own right, in the sense that she extracts pointed societal meaning from everyday objects and cultural references. The themes of her graphic works are unsettling and intriguing — abounding in surrealism and dry wit. Ragnheiður draws upon cultural metaphors within bizarre forms and creations that directly reference political, moral and social issues in Iceland at the time.

Her graphic works strongly influenced the women's liberation movement, and to this day she is seen as one of the leading pioneers of feminist art in Iceland. One of her most iconic prints is from the Women's Day Off on October 24, 1975, when thousands of women left their work and homes and gathered at a mass meeting in downtown Reykjavík. Another renowned graphic series depicts disembodied pregnant forms in dresses. The ghostly maternity dresses still strike an unsettling chord within viewers today, emblematic of the position of women within society. The series depicts floating, bloated, empty, distorted dresses; the forms lack any true substance, purpose, body, individuality, or physical form. The disembodied dress functions as an interpretation of how women and their role or function have been historically viewed by society; an embodiment solely of motherhood and domesticity. In another series, *Deluxe and Delightful*, the bust of a woman is depicted with a cake atop her head, like a crown of sorts, concealing her eyes behind a veil of pastry and icing. This series conflates the definition of a woman with kitchen tasks. In a sense Ragnheiður suggests that cakes, baking, and domesticity are concepts so inseparable from woman and our idea of womanhood that cake and woman become one.

Ragnheiður Jónsdóttir's practice is one of contrasts — and not only the literal contrast between black and white. Her works are rooted in the dichotomy between meticulousness and freedom, abstraction and symbolism, natural and mechanical, pictorial representation and emotive feeling, between graphic art and free-form drawing. While drawing is of course at the core of printmaking, graphic art is meticulous, laborious and technical, as opposed to the free-flowing nature of charcoal or a pen on paper. In the 1990s, Ragnheiður began working solely with large-scale charcoal drawing, leaving behind the time-consuming and precise practice of graphic art she had spent a lifetime mastering. Ragnheiður's charcoal drawings were no less incisive and trenchant than her graphic works, but they were imbued with more freedom of movement, a quality of lightness, and abstract symbolism. Moving away from a literal symbolic language, in this new direction Ragnheiður focussed on an imagery of pure expression and abstraction.

Her drawings are charged with the energy of tumultuous natural forces such as waves, air, tides, glacial movements, fraught with the strife of the natural world. She addresses humanity's relationship to nature and, more specifically, our negative influence upon natural landscapes. References to humanity's unconditional presence and impact are a constant element in her art, stubbornly fixed on paper, though she may try to push them away.

The abstract imagery in these works references organic phenomena — blades of grass, microbes, hives of bees, drops of water on a window pane, DNA structures under a microscope, a tumultuous ocean wave, crackling glacial ice, a bird's wing in flight, a windswept meadow, a black hole in the cosmos, hardening concrete, the soft touch of damp moss, rough-textured rock and lichen, smudged lines of swirling charcoal — the imagery is never-ending. Our eyes search for meaning, reference, and context within her swathes of charcoal.

Striking and gestural, her drawings contain an element of cosmic mythos, pointing to something beyond human conception and influence, beyond our world as we understand it. Infinite distance, infinite space may be discerned within a work on a sheet of paper, yet delimited by the size of the paper, pointing simultaneously to the vastness of what we can and cannot perceive. An endless void of creation and exploration within the world of landscape, nature, myth, and the cosmos.

What lessons may be learned from Ragnheiður's 60 years as a pioneer of graphic art and gestural drawing? Her shifting and constantly evolving practice points to something inherent within human nature — the need for freedom, abstraction, breathing and movement, amidst the bustle of everyday existence. Ragnheiður's career attests to the impact an artist can have on their society, the power a single artistic voice has to call attention to issues, to urge action, and to influence social and political change, generation after generation.



Það kemur alltaf sumar Halla Harðardóttir

Níræð listakona í ævintýrahúsi. Móðernísku ævintýrahúsi úr torfi og steypu. Í því skapaði hún sér hreiður við jaðar hraunsins. Byggði sér vinnustofu til að æta, rista, þrykkja og prenta hugmyndir á pappír. Því hugmyndirnar tóku alltaf völdin. Byrjuðu að streyma undan trélitunum á æskuheimilinu í Þykkvabæ og héldu áfram í öðrum miðlum þar til hún uppgötvaði grafíklistina.

Ragnheiður Jónsdóttir er gestrisin kona sem hellir í bolla með undirskál á dúkuðu viðarborði. Við þetta borð hefur stórfjölskyldan átt samverustundir í meira en hálfa öld. Og hér hafa hlutir verið reifaðir.

Ragnheiði finnst gaman að hugsa til baka. Velta fyrir sér aðstæðum og ástæðum. Hvað drífur listamenn áfram. Hvað drífur listamann áfram sem að auki er fimm barna móðir? Af hverju vakti hún þegar ungarnir voru sofnaðir til að koma hugmyndum á pappír? Vann með þung verkfæri og eitruð efni þar til líkaminn sagði hingað og ekki lengra. Hvað dreif hana áfram og gerir enn? Af hverju getur hún ekki hætt að skapa?

„Ef mér líður illa, hef áhyggjur og get ekki sofnað, þá fer ég á vinnustofuna og eftir smástund gleymi ég öllu nema vinnunni. Það er ótrúlegt hvað það gerir manni gott að sinna myndlist. Listin er í raun mitt skjól og það skipti mig öllu máli á sínum tíma að fá vinnustofu.“

Við færum okkur yfir í vinnustofu Ragnheiðar, þar sem grafíkpressan stendur á miðju gólfi. Veggina prýða verk frá ýmsum tímabilum á ferli Ragnheiðar. Svart-hvítar myndir af fjölskyldunni grípa einnig augað og allar grænu plönturnar sem dafna greinilega vel innan um ævistarf, afkomendur og hugmyndir sem enn eiga eftir að komast á pappír. Verkin úr nýjstu seríunni standa í röð upp við vegg og bíða þess að komast á sýningu. Þessi verk eru gömul og ný, frá ýmsum tímabilum, en tengjast. Því tíminn fer í hringi og allt er endurtekning.

„Ég elskaði að alast upp í sveit, en vissi á sama tíma að ég vildi ekki búa í sveit. Mig langaði í borgina og hugurinn stefndi alltaf á myndlist. Ég hætti aldrei að teikna og þráði að læra meira,“ segir Ragnheiður en hún flutti til Reykjavíkur frá Þykkvabæ fjórtán ára gömul til að mennta sig. Sautján ára gömul hóf hún nám í Handíðaskólanum meðfram námi í Verslunarskólanum þar sem ungur kennari varð til þess að auka áhuga hennar á myndlist enn frekar, Guðmundur Guðmundsson, Erró.

Daginn eftir útskrift úr Verslunarskólanum vorið 1954 giftist Ragnheiður Hafsteini Ingvarssyni bekkjarbróður sínum og fjórum mánuðum síðar kom fyrsti drengurinn af fimm í heiminn. Á meðan eiginmaðurinn kláraði háskólanám vann Ragnheiður fyrir heimilinu en hætti aldrei að teikna og mála. Hún átti eftir að sækja sér frekari menntun til Kaupmannahafnar og í Myndlistar- og handíðaskólann, en það var ekki fyrr en hún komst í nám til Parísar sumarið 1970 sem hún gat almennilega einbeitt sér að myndlistinni. Þá hafði hún fundið sitt tungumál, grafíklistina. Sjálf kallar Ragnheiður tímenn í París þáttaskil. „Tuttugu árum eftir að ég hóf fyrst nám gat ég loks farið að sinna sjálfri mér. Þessi dvöl breytti öllu hjá mér í sambandi við myndlistina.“

Hin þáttaskilin á ferli Ragnheiðar urðu þegar hún fór í vinnustofudvöl til Sveaborgar í Finnlandi árið 1993. Allt í einu var hún alein með vinnustofu sem var margfalt stærri en vinnuaðstaðan í bílskúrnum. Viðáttan og myrkrið áttu eftir að hafa mikil áhrif á verkin. Ragnheiður hafði aldrei búið ein og þarna upplifði hún mikla myrkfælni.

„Ég vann mikið á nóttunni, hafði ljós allstaðar og hlustaði mikið á tónlist. Þarna upplifði ég oft að ég væri ekki ein. Ég hélt mér upptekinni og án þess að taka eftir því urðu myndirnar mjög stórar. Þarna uppgötvaði ég hvað það er gaman að vinna stórar myndir, ég var komin inn í myndina og mér fannst ég verða hluti af henni. Og þá upplifir maður verkið allt öðruvísi, verður frjálssari í hreyfingum. Þetta er bara allt annar heimur.“

„Oft legg ég línurnar áður en ég byrja á nýju verki, ég ákveð hvað ég vil segja, svo læt ég vaða. Ég lærði það í París að gera ekki skissur. Vandinn við grafíkætingar er tæknin, hún er svo flókin,“ segir Ragnheiður. Á þessum tímamarki sagði Ragnheiður nær alveg skilið við grafíkina og skipti henni út fyrir kolin. Til að ná fram réttu blæbrigðunum bjó hún til sína eigin aðferð.

„Ég fékk þessa hugmynd að nota ekki bara línuna, heldur mylja kolin niður til að ná fram margskonar blæbrigðum. Ég muldi kolin niður og setti í sokkana mína og teiknaði með þeim. Með þessu náði ég fram mjúkum og óræðum formum, en til að ná fram sterku línunni nota ég hörðu kolin.“

Ragnheiður tók þessu nýfundna frelsi fagnandi. Ekki síst þar sem hún var farin að finna fyrir áhrifum vinnunnar á heilsunni. „Ég hafði alltaf verið svo þreytt eftir grafíkina, þungar plötur og eitruð efnin. Og mig vantaði frelsi, að öllu leyti. Mig vantaði að breiða úr mér. Og þetta kom af sjálfu sér. Ég þurfti víðari sjóndeildarhring. En það er svo oft sem það gerist eitthvað í lífinu sem maður gerir sér ekki grein fyrir, fyrr en löngu seinna. Á þessu tímabili varð ég heltekin af náttúru-tengslum og hef verið það síðan. Ég er alin upp í sveit. Ég elska gróður og fallett landslag. Þetta hefur allt sitt að segja, án þess að maður geri sér grein fyrir því þegar það gerist. Þarna leið mér yndislega. Þetta var bara eins og að komast í sumarfrí.“

Ragnheiður hélt áfram að þróa þessa nýju tækni, og fór um leið að leita að annarskonar upplifun. Hún yfirgaf að mestu leyti hlutbundna frásögn og nefnir Völuspá sem dæmi, þar sem sjálf náttúruöflin túlka það sem Völván hefur að segja. Að lokum sagði Ragnheiður alveg skilið við grafíkina, fann að það var komið að leiðarlokum. „Þarna var ég búin að losa um það sem brann á mér persónulega og fór að hlusta meira á náttúruna. Þetta ferli endaði með Traces-seríunni, sem fékk gullverðlaun í Egyptalandi á alþjóðlegri sýningu. Þá fannst mér ég hafa náð því út úr grafíkinni sem ég var að elta við. „Traces“ eru aquatintu-verk. Eftir margra ára tilraunir fann ég upp aðferð sem skilaði þessum árangri.“

Eftir að hafa sagt skilið við grafíkina braust náttúran fram af fullum krafti í verkum Ragnheiðar. Náttúran hafði reyndar alltaf verið þar. Hennar þekktustu verk frá fyrri hluta ferilsins tala beint inn í hugðarefni samtímans og þar á meðal áganginn á móður náttúru. En í kolaverkunum tekur náttúran nær alveg yfir. Þar erum við komin inn í náttúruna, eins og Ragnheiður orðar það. Listakonan verður á sama tíma fyrir einhverju sem líkja má við náttúruupplifun í vinnuferlinu sjálfu, og deilir þeirri upplifun með okkur, áhorfendum. Í pólitískum verkum áttunda áratugarins gerði náttúran vart við sig í ólíkum formum. Stundum braust hún fram og flæddi inn í verkin, eins og mosavaxið hraun. „Já, þetta eru mosavaxnar minningar,“ segir Ragnheiður og við hverfum aftur til dagsins sem breytti öllu. 24. október 1975.

„Þarna vorum við Hafsteinn búin að ganga í gegnum ýmislegt. Koma okkur í gegnum nám, fara erlendis, eiga drengina og byggja hús. Við vorum flutt inn í hálfklárað húsið og ég var loksins komin með mitt eigið rými. Ég var alsæl. Þetta var bara lítið afdrep í bílskúrnum. Lítið bord, þvottabali og krani með gúmmíslöngu. Hvað ég var hamingjusöm! Líka vegna þess að ég hélt áfram að láta mig dreyma. Það er svo merkilegt hvað draumar koma manni langt. Í þessu litla horni í bílskúrnum sá ég fyrir mér sýningar erlendis, í stórum söllum og höllum. Ætli það fylgi ekki skapandi hugsun að dreyma stórt. Það er svo mikilvægt að kunna að láta sig dreyma allskyns vitleysu. Þannig vinnur maður að því að láta draumana rætast.“

Úti við hraunjaðarinn, alsæl við þvottabalann í bílskúrnum, með stórt heimili að reka og stóra drauma að elta, bærust Ragnheiði tíðindi úr útvarpinu. Hún sat við tækið líkt og hún hafði gert í æsku með afa sínum í Þykkvabæ, en nú var ekki fylgst með stórveldum há baráttu á meginlandinu. Fréttir bærust af öðrum vígvelli. Konur háðu baráttu við feðraveldið.

„Ég fór að spá í sjálfa mig og mínar kringumstæður. Ég var alltaf að hlusta á fréttir og fylgjast með og stundum tók ég þetta mjög inn á mig. Eftir mikla gerjun var boðað til fundarins á Lækjartorgi. Ég fór ein niður í bæ og kom mér fyrir við Stjórnarráðið. Og við mér blasti kvennaskarinn sem kom niður Bankastrætið eins og hraunstraumur. Þær flæddu niður. Allt konur. Ég gleymi þessari sýn aldrei. Ég fæ gæsa húð þegar ég tala um það. Ég fann að þetta var bylting. Ég fékk strax hugmynd og byrjaði daginn eftir á myndinni 24. október 1975.“

„Fyrst fékk ég hugmyndirnar að óléttukjólunum, svo komu þær sem tengjast kvennafrídeginum. Ég var afskaplega hamingjusöm og mér leið alltaf svo vel þegar ég var ólétt. En svo kemur kvíðinn, þess vegna er allt svart á bak við kjólana. Það er þessi kvíði, þessi mikla ábyrgð sem fylgir börnunum. Og um leið ertu svo bundin. Til dæmis er einn kjóllinn með dyrasíma á maganum. Á þessum tímum var allt skrifað á eiginmennina húsið, bíllinn, allar eignir, — allt saman. Svona voru þessir tímar. Og þótti bara eðlilegt. Svo réðu karlarnir öllu öðru líka. Það voru einhver kvennastörf en allt hitt kom konum ekkert við. Og þær áttu ekkert að hafa vit á því heldur. Þær voru bara hluti af eignunum.“



Ragnheiður Jónsdóttir og/and Björg Þorsteinsdóttir, 1970, París

Ragnheiður á Kjarvalsstofu í París, 1987 Ragnheiður at the Kjarval studio in Paris, 1987

Eftir kvennafrídaginn ferðaðist Ragnheiður og Hafsteinn til ættingja í Kanada. Á ferðalaginu hitti hún konu sem átti eftir að verða kveikjan að einu af hennar þekktari verkum. Konu sem bakaði og tók myndir af kökum og talaði ekki um annað en kökur.

„Mér fannst þetta stórskrítið. Þegar ég kvaddi hana sá ég tertuna á höfðinu á henni. Ég gat ekki gleymt þessu, og gerði í framhaldinu *Deluxe and Delightful*. En ég setti sjálfa mig undir kökuna í verkinu, og það geri ég oft, set sjálfa mig inn í kringumstæður. Þannig verða margar myndir til. Og svo spanng ég út frá þessu og fór að hugsa um stöðu kvenna almennt — alla þessa misnotkun á konum.“

Ragnheiður lék sér að táknum á þessu tímabili og það er óhætt að segja að verkin hafi orðið að tákmyndum samtímans. En í hennar meðförum vísa táknið aðeins vegin og skilja túlkunina eftir opna.

„Stólinn er til að mynda margrætt tákni. Hann getur táknað karlmennsku, háseti og völd, en hann getur líka verið geymsla. Það er hægt að velta honum fyrir sér á ýmsa vegu. En svona myndir eru vandasarar því það þarf að kveikja á áhorfandanum. Og það má ekki segja of mikið því þá ertu búin að afgreiða myndina,“ segir Ragnheiður og hún er á sama máli þegar kemur að titlum á verkum. Mér finnst myndlist alltaf vera samtal. Myndlistarmaðurinn varpar fram hugmyndum og áhorfandinn bregst við þeim.“

Þetta samtal Ragnheiðar birtist okkur á þessu tímabili í verkum sem hafa öðlast íkonískan status og sem minna okkur á að ekkert er nýtt undir sólinni. Enn eru lýðskrumarar með poka yfir hausnum og enn drögum við gardínur fyrir gluggana, eða veggfóðrum yfir vandann, til að horfast ekki í augu við staðreyndir sem blasa við okkur. Spilling, umhverfisspjöll og græðgi. Allt er endurtekning.

Endurtekningin birtist okkur einnig mörgum árum síðar, í *Slóð*, þegar Ragnheiður hélt að hún hefði sagt skilið við pólitíkina. „Þetta er auðvitað allt tengt, það fer allt í hringi,“ segir Ragnheiður sem fjallar í þessari seríu um Hrunið með tungumáli náttúrunnar. „Fyrsta myndin kallast *Blómsturvellir*. Mér finnst íslenska þjóðin hafa lifað á blómsturvellum allt frá stríðslokum fram að Hruninu, þá fór græðgin að segja til sín. Meindýrin fóru um víða vellina og átu sem gátu. Urðu sælleg en tærðu jarðveginn. Átu svo mikið að þau mögnuðu ekki að hreyfa sig. Eftirstöðvarnar eru visnaðir sprotar á klaka. Og svo fýkur allt út í buskann því við gleymum öllu, lærum ekki neitt. Eftir stendur sendin jörð og restarnar myljum við á myllusteini. Það er ekkert eftir nema duftið og óljós minning. Við lærum ekki neitt. Þetta er slóðin.“

Ragnheiður segist þrátt fyrir allt aldrei hafa litið á sig sem baráttukonu. Hún hafi alltaf fyrst og fremst litið á verkin sín sem persónulegar vangaveltur frekar en beinskeytt pólitísk skilaboð. „Þetta eru bara mínar privat pælingar. Og ég man þegar ég sýndi fyrst ein, í *Norræna húsinu* 1976, hvað ég var kvíðin, einmitt þess vegna. Maður er að lýsa sjálfum sér þegar maður lætur í ljós skoðanir sínar. Ég hélt að ég yrði rökkud niður.“

Í dag er Ragnheiður löngu hætt að láta slíkar hugsanir trufla sig. Hún segir kæruleysi vera eitt af því jákvæða við hækkandi aldur. Hún veltir ekki lengur skoðunum annara fyrir sér, nýtur þess frekar að fylgjast með plöntunum vaxa í garðinum. Og hún nýtur þess að hugsa til baka. Hugsa til æskustöðvanna og náttúrunnar sem smaug inn í vitundina og hefur verið þar síðan. Ragnheiður hugsar samt ekki til línanna í landslaginu við æskuheimilið, heldur miklu frekar um stemninguna. Upplifunina. Andrúmsloftið. Hún trúir því einlæglega að andrúmsloftið og okkar nánasta umhverfi hafi áhrif á líðan okkar. Á æskuheimilinu í Þykkvabænum bjó hún sér til sína eigin töfraveröld í bleikmáluðu risherbergi. Með skærum og lími skapaði hún ævintýraheima upp úr tímaritum sem komu með póstinum frá Reykjavík. Klippimyndir fengu líf ofan við rúmið og súðin varð inngangur inn í veröld dagdrauma. Myndlist utan úr heimi á gömlum konfekt-kössum flaut saman við veröld þar sem amerískir leikarar mynduðu geislabaug yfir hvítkölluðum sveitabæ með stráþaki. Undir húsveggnum döfnuðu sólblóm Vincent van Gogh í danskri sólinni.

„Ég var svo hamingjusöm yfir þessu. Þetta var himnaríki á jörðu. Ég var alltaf hrifnæm á fegurð og svo snortin yfir náttúrunni,“ segir Ragnheiður sem á sama tíma kynntist þar andhverfu fegurðarinnar, myrkrinu sem veröldin hefur að geyma. „Ég var sex ára þegar seinni Heimsstyrjöldin hófst og tólf ára þegar henni lauk. Stríðið vofði alltaf yfir. Lítil flugvél nauðlenti rétt við þorpið og það voru margir skipsskaðar. Mér finnst ég heppin að hafa alist upp í sveit, í samneyti við eldri kynslóðina og þessa unaðslegu fjallasýn. En ég var fréttafíkill og sat við útvarpið með afa og tók allt svo inn á mig. Það snerti mig allt svo sterkt. Þessar tilfinningar úr æsku eru örugglega eitthvað sem ég hef reynt að ná fram í verkunum síðar.“

Þessar andstæðu tilfinningar birtast okkur í nýju seríunni, sem Ragnheiður nefnir *Kosmos/Kaos*. „Það er dimmt yfir, dimm ský og brjáluð veður. Eldsumbrot og náttúruhamfarir. Það er allt í kaos, allt í rugli. Við erum á svo skrítnum stað í dag. Það er varla hægt að láta sig dreyma. Og ég finn sömu tilfinningu og ég fékk sem krakki, í stríðinu. Maður skynjaði einhverja ógn og þetta er óþægileg tilfinning. Vitfirringar sem komast til valda hafa aðgang að svo óhugnalegum vopnum. Morgundagurinn, hvað færir hann okkur?“

